

Fundur í stjórn Prentsöguseturs 9. maí 2017

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Þórleifur Friðriksson og Þóra Elfa Björnsson. Bjargey G. Gísladóttir, Heimir Br. Jóhannesson og Baldvin Heimisson fjarverandi. Fundurinn var haldinn í Guðjónó.

- 1) Formaður sagði frá samtali sem hann hafði átt við Hrólfr hjá Reykjavíkurborg fyrir stuttu vegna geymsluhúsnæðis fyrir PSS. Toppstöðin er út úr myndinni en verið er að athuga með Álfsnes. Mikið liggur við að fá lausn á geymslumálum, setrið geymir dýrmæta hluti hér og þar, sumt liggur undir skemmdum. Tæpast er hægt að taka við fleiru þótt merkisgripir séu í boði. Rætt um að athuga með samstarf við aðila á Hvolsvelli hvort þar sé aðstaða fyrir sýningu/geymslu. Einnig þarf að fara í heimsókn á Eyrarbakka, færa til tæki, skrá þau og mynda. Samþykkt að hafa samband við fulltrúa Reykjavíkurborgar vegna Álfsnessins.
- 2) Haukur Már óskaði eftir efni í fréttabréfið, t.d. mætti benda á vefslóðir. Efni berist fyrir 20. maí.
- 3) Gjaldkeri ræddi bæði um innheimtu félagsgjalda og viðræður við forstöðumenn fyrirtækja vegna styrkja.

Ritari: Þóra Elfa Björnsson